



Varsjá. Konunglegi kastalim.



Minsk: Hópurinn framan við Bolshoileikhúsið.



Minsk: Býflugnabóndi.



Vilnius: Íslandsstræti.

Öldungar í Varsjá, Minsk og Vilnius

Dagana 25. ágúst til 3. september 2017 hélt 27 manna hópur lækna-öldunga og maka þeirra ásamt fararstjóra Söguferða í heimsókn til Póllands, Hvíta-Rússlands og Litháen.

Fyrsti áfangastaður var Varsjá. Var þar gist í tvær nætur og tím-inn notaður til að skoða þessa sögufrægu borg.

Frá Varsjá hélt hópurinn til Minsk, höfuðborgar Hvíta-Rússlands. Þar var gist í fjórar nætur og var þar margt athyglisvert að sjá, bæði frá Sovét-tímanum og frá því honum lauk. Aðdáun vakti hið fagra Bolshoi óperu- og ballethús.

Litháen var síðasta land heimsóknarinnar og var gist í höfuðborginni Vilnius í þrjár nætur. Þar í landi er enn minnst þess stuðnings er Íslendingar veittu Litháen í sjálfstæðisbaráttu þeirra. Meðal annars ber gata í Vilnius nafnið Íslandsstræti.

Umhverfi Vilnius er fagurt og má sérstaklega nefna eyjuna Trakai vestur af Vilnius en þar stendur fallegur kastali.

Flogið var heimleiðis 3. september eftir góða ferð.

PÁ